



**241. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 24. febrúar 2016 kl. 16:00.**

**Mættir: Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Sigríður Jónsdóttir ritari, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Örn Andrésson, Gunnlaugur Júlíusson, Hafsteinn Pálsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Lilja Sigurðardóttir 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Forföll boðuðu: Lárus L. Blöndal forseti, Ingi Þór Ágústsson, Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður og Jón Finnbogason 3. varamaður.**

**Þetta gerðist:**

Varaforseti setti fund og stjórnaði honum.

**Dagskrá:**

**1. Ólympísk málefni**

Örn Andrésson skýrði frá því helsta varðandi ólympísk verkefni.

*Ólympíuleikar ungmenna í Lillehammer*

Leikarnir gengu vel og var almenn ánægja með skipulag og framkvæmd.

*Ólympíuleikarnir í Ríó 2016*

Fundað hefur verið með sérsamböndum ÍSí um stöðu undirbúnings fyrir leikana. Ekki er hægt að ljúka skipulagningu fagteymis fyrr en ljóst er hversu margir keppendur vinna sér inn þátttökurétt á leikunum. Fjöldi keppenda hefur áhrif á fjöldakvóta aðstoðarmanna. Afreks- og Ólympíusvið ÍSí leggur áherslu á að vera með lækni, sjúkraþjálfara og sálfræðing á staðnum.

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að framundan væru síðustu fundir úti í Ríó, með tengiliðum skipulagsnefndarinnar, ásamt mannvirkja- og hótelskoðun.

**2. Fagsvið ÍSí – stutt yfirlit**

*Almenningsíþróttasvið ÍSí*

Hafsteinn Pálsson formaður sviðsins skýrði frá helstu verkefnum sviðsins þessa dagana. Vinnustaða- og skólakeppni Lífshlaupinu er að ljúka og verður verðlaunaafhending á föstudaginn, 26. febrúar. Góð þátttaka var í verkefninu en 18.550 þátttakendur voru skráðir til leiks á 414 vinnustöðum, í 31 grunnskóla og 7 framhaldsskólum. Vinnustaðir og skólar eru duglegir að skapa sínar hefðir í kringum keppni í Lífshlaupinu og er gaman að sjá hversu margir taka þátt ár eftir ár.

Verið er að undirbúa þátttöku ÍSí í Íþróttaviku Evrópu í samstarfi við fjögur sérsambönd ÍSí.

*Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí*

Sigríður Jónsdóttir formaður sviðsins sagði allt vera í hefðbundnum farvegi hjá Þróunar- og fræðslusviði ÍSí. Mikið hefur verið um afhendingar viðurkenninga til Fyrirmyndarféлага ÍSí og endurnýjanir.

Sigríður skýrði frá því að vinna við endurskoðun mennta- og menningarmálaráðuneytis á Íþróttastefnu Íslands sé nú hafin.

### **3. Ólympíuleikar ungmenna (YOG)**

Helga Steinunn Guðmundsdóttir sagði frá því helsta varðandi leikana en hún var viðstödd nokkra viðburði þeirra í Lillehammer. Íslensku þátttakendurnir stóðu sig vel. Næstu leikar verða haldnir í Lausanne árið 2020.

### **4. Erindi Þríþrautarnefndar ÍSÍ um stofnun sérsambands**

Lagt fram bréf Þríþrautarnefndar ÍSÍ þar sem óskað er eftir því að stofnað verði sérsamband um þríþraut 26. apríl næstkomandi. Íþróttin uppfyllir allar kröfur í lögum ÍSÍ um stofnun sérsambands, bæði hvað varðar útbreiðslu íþróttarinnar og iðkendafjölda. Samþykkt að halda stofnþingið á umbeðnum degi. Skrifstofu falið að boða til þingsins.

### **5. Heiðranir**

#### *Árþing KSÍ*

Búið var að samþykkja rafrænt að sæma Guðmund Pétursson fyrrverandi varaformann KSÍ með Heiðurskrossi ÍSÍ á árþingi KSÍ 13. febrúar sl. Helga Steinunn Guðmundsdóttir og Hafseinn Pálsson sáu um afhendinguna á þinginu.

#### *Árþing UMSK*

Samþykkt að veita eftirfarandi viðurkenningar á árþingi UMSK 26. febrúar nk.:

Gullmerki ÍSÍ: Guðmundur Jónsson, Breiðabliki

Silfurmerki ÍSÍ: Jóhann Steinar Ingimundarson, Stjórnunni, Guðrún Kristín Einarsdóttir, Aftureldingu og Grétar Kristjánsson, Breiðabliki.

### **6. Skipan Upplýsinga- og samskiptanefndar ÍSÍ**

Frestað til næsta fundar.

### **7. Fundargerðir**

#### **Eftirfarandi fundargerðir teknar fyrir og staðfestar:**

- 240. fundur framkvæmdastjórnar
- 4. og 5. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- 138. Fundur Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ frá 21. janúar 2016
- 208. fundur Afrekssjóðs ÍSÍ frá 22. febrúar 2016

Eftirfarandi aukaúthlutanir úr sjóðnum staðfestar:

- Samþykkt að hækka styrk til Golfsambands Íslands um 1 milljón króna og er sú hækkun skilgreind sem sérstakur styrkur vegna verkefna Ólafíu Þórunnar Kristinsdóttur á rárinu 2016.
- Samþykkt að hækka styrk til Skotíþróttasambands Íslands um 300.000 krónur og er sú hækkun skilgreind sem sérstakur styrkur vegna þátttöku í mótum sem geta veitt keppnisrétt á Ólympíuleikunum í Ríó 2016.
- Laganefnd frá 22. febrúar 2016 – Staðfest.

### **8. Viðburðir framundan**

Farið fyrir þá viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

## **9. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Samþykkt að stefna að því að halda næsta fund 15. eða 16. mars nk.

## **10. Önnur mál**

*Stýrihópur um félagakerfi íþróttahreyfingarinnar*

Frestað til næsta fundar.

*Brotflutningur Íþróttافرæðasetursins frá Laugarvatni*

Rætt um þá ákvörðun Háskóla Íslands að flytja Íþróttافرæðasetrið til Reykjavíkur og hætta starfsemi á Laugarvatni. Samþykkt að fylgjast vel með

*Fjármál ÍSÍ*

Gunnar Bragason gjaldkeri skýrði frá vinnu við endurskoðun ársreiknings ÍSÍ. Síðasta ár var erfitt, bæði hvað varðar rekstur ÍSÍ sem og Smáþjóðaleika 2015 og ljóst að halli verður á rekstri sambandsins. Næsta ár verður einnig erfitt í rekstri ÍSÍ og þörf er á aðhaldi á öllum sviðum. Kostnaður verður afar mikill við þátttöku í Smáþjóðaleikunum í San Marínó 2017.

*Stofnun sérsambands um bogfimiíþróttina*

Framkvæmdastjóri greindi frá því að í samráði við Bogfiminefnd ÍSÍ hafi verið samþykkt að frestað stofnþingi sérsambands um bogfimi fram til hausts.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.